

Reykjavík, 21. október 2020
SFS2020090364
194. fundur
HG/dr

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi læsi

Á fundi borgarráðs, 24. september 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ekki er hægt að líta fram hjá mælingum PISA þar sem útrekað hefur komið fram að íslenskir nemendur standa sig marktækt verr í lestri og eru slakari í lesskilningi í samanburði við nágrannaþjóðir. Fulltrúi Flokks fólksins hefur útrekað lagt fram mál í borgarstjórn þar sem hvatt er til að nota ávallt gagnreynda lestraraðferð, að lögð sé áhersla á að lesskilningur sé þjálfaður frá byrjun og mikilvægi eftirfylgni enda er lestur og lesskilningur lykillinn að námi, þekkingarleit og þekkingarþróun. Spurt er: Í hversu miklum mæli eru skólar að nota gagnreyndar kennsluáðferðir í lestri s.s. bókstafa-hljóða-aðferðina sem sérfræðingar eru sammála um að sé sú leið sem hafi gefið bestan árangur? Eru skólar að huga sérstaklega að þeim börnum þar sem hefðbundnar aðferðir henta ekki, heldur t.d. frekar sjónrænar kennsluáðferðir? Eru gerðar einstaklingsmiðaðar námsáætlanir um leið og kemur í ljós að barn hefur sérþarfir af einhverjum toga? Eru fyrir hendi samræmd árangursmarkmið í skólunum um að börn séu orðin læs eftir 2. bekk og að áherslan sé á þjálfun lesskilnings? Í hversu miklum mæli eru samræmdar aðgerðir milli skóla sem snúa að þjálfun sem eykur lesskilning, viðeigandi áskorunum og eftirfylgni? Rannsóknir hafa sýnt að börn innflytjenda eru að koma verr út en í nágrannalöndum. Í hversu miklum mæli eru samræmdar aðgerðir milli skóla í Reykjavík til að þjálfa tvítýngd börn í lestri, málkunnáttu og lesskilningi?

Svar:

Bent er á að nemendur í Reykjavík mældust hvoru tveggja fyrir ofan nemendur úr nágrannasveitarfélögum og öðrum landshlutum og jafnframt fyrir ofan meðaltal OECD landa í PISA könnun 2018 þó svo að landsmeðaltal Íslands hafi mælst nokkuð undir meðaltali OECD.

Í hversu miklum mæli eru skólar að nota gagnreyndar kennsluáðferðir í lestri s.s. bókstafa-hljóða-aðferðina sem sérfræðingar eru sammála um að sé sú leið sem hafi gefið bestan árangur? Allir grunnskólar Reykjavíkurborgar eru að nota gagnreyndar lestrarkennsluáðferðir. Allir skólar nota hljóðaaðferð sem hluta af lestrarkennslu. Flestir nota aðrar lestrarkennsluáðferðir samhliða hljóðaaðferð. Einhverjir skólar nota Byrjendalæsi. Byrjendalæsi inniheldur einnig hljóðaaðferðina. Fjöldi skóla í Byrjendalæsi sveiflast eftir árum einkum vegna þess að stjórnendur senda ekki alltaf nýja kennara í þjálfun heldur treysta á að þeir sem fyrir eru taki að sér þjálfunina. Aðrar aðferðir sem margir skólar eru að nota og sýna mikla fylgni við árangur eru Direct instruction, PALS, Læsis fimman o.fl. Þetta er ekki spurning um annað hvort

hljóðaaðferð eða aðra aðferð heldur byggir læsina á fjölbreyttum aðferðum og markvissri kennslu. Grunnurinn að öllu lestrarnámi er hljóðaaðferðin og hentar hún meirihluta nemenda.

Eru skólar að huga sérstaklega að þeim börnum þar sem hefðbundnar aðferðir henta ekki, heldur t.d. frekar sjónrænar kennsluaðferðir?

Eins og fram kemur hér að framan þá eru allir skólar að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í læsiskennslu. Allir kennarar eiga að hafa þekkingu á því hvernig koma á til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Hins vegar er óhægt um vik að komast að því hvort allir kennarar eru að nýta þekkingu sína. Það þyrfti ítarlega langtímarannsókn þar sem fylgst er með kennurum í misjöfnum aðstæðum, í kennslu með ólíka nemendahópa og í kennslu í ólíkum fögum.

Eru gerðar einstaklingsmiðaðar námsáætlanir um leið og kemur í ljós að barn hefur sérþarfir af einhverjum toga?

Allir skólar eiga að nýta niðurstöður nemendum til hagsbóta en einnig til að bæta skólustarf. Hvernig þeir útfæra stuðning er aftur á móti misjafnt og getur það byggst á fjölda nemenda og útfærslu sérstuðnings í hverjum skóla. Ef nemandi kemur illa út í læsisskimun eða prófi á að skipuleggja markvissan stuðning fyrir hann í samstarfi við heimilið. Hvernig stuðningurinn er útfærður getur m.a. verið í námsveri, með stuðningi í bekk, í lesveri, með leiðbeiningum til foreldra og fleiri leiðum allt eftir þörfum hvers nemanda. Einstaklingsmiðuð áætlun eða einstaklingsnámskrár eru aðeins útbúnar fyrir börn með sérþarfir (fötlunargreiningu) en hver kennari gerir sér áætlun um sinn nemendahóp og oftast í samstarfi við sérkennslustjóra eða læsisfræðing skólans. Sjá skýrsluna Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/Stefna-skolianadgreiningar1.pdf

Eru fyrir hendi samræmd árangursmarkmið í skólunum um að börn séu orðin læs eftir 2. bekk og að áherslan sé á þjálfun lesskilnings?

Allir skólar nota Lesferil og Orðarún Menntamálastofnunar og þeim fylgja árangursmarkmið. Í skýrslu Fagráðs um læsi og starfshóps um læsi voru sett markmið um að 90% barna geti lesið sér til gagns við lok 2. bekkjar og 90% nemenda náí 2. þrepi í PISA. Í samvirkum kennsluaðferðum, t.d. Byrjendalæsi, er mikil áhersla á þjálfun lesskilnings.

Í hversu miklum mæli eru samræmdar aðgerðir milli skóla sem snúa að þjálfun sem eykur lesskilning, viðeigandi áskorunum og eftirfylgni?

Allir skólar starfa samkvæmt aðalnámskrá, Menntastefnu Reykjavíkurborgar, læsisstefnum Reykjavíkur, skýrslu fagráðs um læsi og skýrslu starfshóps um læsi.

Rannsóknir hafa sýnt að börn innflytjenda eru að koma verr út en í nágrannalöndum. Í hversu miklum mæli eru samræmdar aðgerðir milli skóla í Reykjavík til að þjálfa tvítyngd börn í lestri, málkunnáttu og lesskilningi?

Allir skólar vinna samkvæmt móttökuáætlun skóla- og frístundasviðs og fjölmenningsstefnu borgarinnar. Í öllum skólum eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir í vinnu með fjöltyngdum börnum. Þær byggja á námi kennara í Háskóla Íslands. Verið er að innleiða stöðumat í grunnskólum borgarinnar og allir skólar nota Milli mála, málsskilningsprófið. Hjá Miðju máls og læsis starfa ráðgjafar og brúarsmiðir með sérstaka þekkingu á vinnu með fjöltyngdum börnum/nemendum og veita þeir kennurum og stjórnendum stuðning í skipulagningu móttöku, aðlögunar og vinnu með fjöltyngdum börnum. Einnig býður Miðja máls og læsis upp á námskeið, lærdómssamfélög og reglulega fundi með þeim kennurum sem kenna íslensku sem annað tungumál. Skólar byggja móttöku og kennslu fjöltyngdra barna/nemenda upp út frá því fjármagni sem þeim er úthlutað. Fjöltyngdum nemendum hefur fjölgað mjög hratt síðasta áratug.

